

MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Mín skoðun



Brjóttu upp daginn með KitKat

ÞETTA ER EKKI ÁRÓÐURS-
VEGGSPJALD GEGN EINELTI



Spennandi að vera ungur leikari á Íslandi

Mynd/Ernir

Einar og Hera koma úr hinum virta leiklistarskóla **LAMDA** í London og leika í leikritinu **Vakt**.

„Ég hef komist að því að það er ekki hægt að plana mikið meira en nokkrar vikur fram í tímann í þessu starfi,“ segir Einar Aðalsteinsson, nýútskrifaður leikari úr leiklistarskólanum London Academy of Music and Dramatic Art. Einar leikur á móti Heru Hilmarsdóttur í leikritinu **Vakt** sem verður frumsýnt í Norðurpólnum í kvöld. Hera er einnig við nám í skólanum og útskrifast að ári liðnu.

Parf að taka öllu sem býðst

„Eins og staðan er núna er draumurinn einfaldlega að geta fengið borgað fyrir að vera leikari. Fyrstu árin þarf maður eiginlega að taka öllu sem býðst,“ segir Einar sem er á leið aftur til London í lok ágúst eftir að sýningum á **Vakt** lýkur. „Ég er að fara í nokkrar prufur. Kosturinn við það að hafa lært úti er að það er markaður fyrir mig þar líka. Það væri frábært að geta hoppað á



HALLDÓR ARMAND ER HÖFUNDUR LEIKRITSINS

milli og leikið bæði úti og heima,“ segir Einar. Hann er þó mátulega bjartsýnn á að það gangi eftir. „Þetta klikkar alveg pottþétt og ég fer að vinna í bakaríi. Þetta nám hlýtur að geta nýst eitthvað í það,“ segir Einar og hlær, en hann segir erfitt fyrir unga leikara að komast að í Bretlandi. „Hér heima er þetta aðeins öðruvísi og snýst meira um eigin framtakssemi, að gera hlutina sjálfur. Það er bara mjög spennandi að vera ungur leikari á Íslandi,“ segir Einar.

LEIKRITIÐ VAKT

Vakt er tvíleikur eftir Halldór Armand Ásgeirsson, 23 ára laganaema og blaðamann. Leikritið fjallar um tvo lækna sem standa frammi fyrir vandamáli sem engin grein um siðferði getur hjálpað þeim að leysa. Halldór segist hafa byggt handritið að hluta til á eigin reynslu, bæði úr leganáminu og frá því hann starfaði nokkur sumur á Landspítalanum. Vakt er frumsýnt í Norðurpólnum kl. 21.30 í kvöld og einnig nk. sunnudag og mánudag.

SKÓLINN LAMDA

LAMDA er elsti leiklistarskóli Bretlands, en á næsta ári fagnar skólinn 150 ára starfsafmæli sínu. Skólinn er talinn meðal bestu leiklistarskóla heims og á vefsíðu hans kemur fram að undanfarin ár hafi yfir 98% útskriftarnema fundið vinnu á sínu sérsviði innan nokkurra vikna frá útskrift. Á meðal þekktara leikara sem sóttu nám við skólann eru John Lithgow, Jim Broadbent, Donald Sutherland, Natasha McElhone og Kim Cattrall.



Veðramót gáfu tóninn

Margir muna eftir Heru úr myndinni **Veðramótum**, en þar sýndi hún frábæra frammistöðu í aðalhlutverkinu og hlaut tilnefningu til Edduverðlauna að launum. „Það hefur ekkert skemmt fyrir umsókninni, en það eru fyrst og fremst prufurnar sem ráða því hvort maður kemst inn,“ segir Hera, en þegar hún komst inn í skólann voru um 4.500 aðrir umsækjendur. Hún segir leiklistarbakteríuna lengi hafa blundað í sér og að þátttakan í **Veðramótum** hafi sett punktinn yfir i-ið. „Ég veit ekki alveg hvað gerði það að verkum að ég ákvað að fara út að læra, en það að taka þátt í þessari mynd undirstrikaði algjörlega löngunina til að gera þetta.“

Monitor mælir með

SPILARANUM **The Suburbs** með Arcade Fire er mögnuð plata sem allir ættu að næla sér í eintak af. Þetta er þriðja plata sveitarinnar og sumir vilja meina sú besta. Þá er mikið sagt, því **Funeral** og **Neon Bible** voru frábærar. Hæpið í kringum Arcade Fire á rétt á sér, þetta er ein allra besta hljómsveit heims í dag.



MAGANN **Noodle Station** á Skólavörðustígnum er aðeins með tvo rétti á matseðlinum, núðlusúpu með kjúklingi og núðlusúpu með nautakjöti. Það er líka alger óþarfi að flækja málið frekar því báðir réttirnir eru einstaklega ljúffengir og viðskiptavinum fjölga með hverjum deginum. Ekki skemmir fyrir að þjónustan er hröð og verðið er aðeins 850 krónur á skammt.



FATASKÁPINN Á Kílómarkaði

Spúútnik geturðu keypt fatnað eftir vigt á góðu verði. Hvert kíló kostar 4.900 krónur og það getur verið drjúgt af gerssemum. Einnig er hægt að kaupa hálf kíló á 2.900 krónur. Hvort skilur meira eftir sig, 500 gramma nautasteik eða 500 grömm af nýjum fötum?



Vikan á... facebook

Davíð Berndsen **Ætla** vinna eurovision næsta ár!
11. ágúst kl. 14:36

Vala Grand stop playing u gameing..coz i am good .all my pride is all i have u been mean thats to bad the path u chosse to run and your all alone.here u had a home.nothing u can say to me that can change my mind..i gota let u go .now i am bouncing and i gota let u go
11. ágúst kl. 01:53

Bubbi Morthens Standa á bakknum umvafin grænni birtu með heiðina á móti sér heiðinn þakin blómum og berjalyngi áin niðar. Grænblár Þungur straumurinn ber með sér orð frá liðnum tíma og allt er gott.
9. ágúst kl. 19:36

Jón Ragnar Jónsson Ég Rússa lem í Jerúsalem
9. ágúst kl. 09:17

Feitast í blaðinu

Fáranlegustu nöfn heims. Nöfn eins og **Mist Eik** blikna í samanburði við þessi. >>4

Sveppi talar um fyrstu norrænu 3D myndina og fleira í viðtali við Monitor. >>8

Stíllinn Fimm mínútna förðunar-kúrs og götutískan í 101 Rvk skoðuð. >>12

Biófrumsýningar helgarinnar og ferill leikkonunnar Angelínu Jolie. >>14

Lokaprófið Friðrik Dór er fyrsti maðurinn til að ná Monitor-prófinu. >>15

Efst í huga Monitor

Bjóðum á bikarúrslitin

Systkinin Monitor og Valitor verða í miklum fótboltaffling um helgina, en þá fara fram úrslit VISA-bikarsins í knattspyrnu. Hjá körlunum mætast FH og KR og fer sá leikur fram á laugardaginn og hefst klukkan 18. Hjá konunum mætast Stjarnan og Valur og fer sá leikur fram á sunnudaginn og hefst klukkan 16.

Monitor hvetur alla til að kíkja á þessa hörkuleiki og seltar í samstarfi við Valitor að gefa nokkrum dyggum lesendum miða á leikina. Fylgist með á Facebook-síðu okkar og mbl.is í dag og á morgun og þið getið tryggt ykkur miða á völinn.



facebook.com/monitorbladid





Metallica

Árið 2007 háðu sænsku hjónin Michael og Karolina Tomaro hatramma baráttu við mannanafnanefnd í Svíþjóð um að fá að skýra dóttur sína Metallica í höfuðið á samnefndri rokksveit. Nefndin úrskurðaði að nafnið væri óviðeigandi, en dómsúrskurður heimilaði nafnið og Metallica litla fékk að halda nafninu.



DJÖFULL ER ÞETTA GOTT NAFN

Miroslav Satan

36 ára íshökkileikmaður sem hefur spilað í Bandaríkjunum um árabíl. Satan er fæddur í gömlu Tékkóslóvakíu, en þar í landi kippa menn sér lítið upp við þetta helvíti magnaða eftirnafn. Satan þykir djöfullega góður á svellinu þannig að bandarískir íshökkíáhugamenn eru að mestu hættir að gera grín að nafninu, enda eru fáir sem þora að gera grín að sjálfum Satan.

John Anthony Portsmouth Football Club Westwood

37 ára stuðningsmaður enska knattspyrnuliðsins Portsmouth sem Hermann Hreiðarsson hefur leikið með undanfarin ár. Westwood lét bæta „Portsmouth Football Club“ við nafnið sitt árið 1989, en hann er einn þekktasti knattspyrnuáhugamaður Bretlands og þó víðar væri leitað. Westwood er með 60 húðflúr tengd liðinu og búinn að láta grafa upphafsstafrina PFC í tennur sínar. Hann mætir á alla leiki liðsins með stærðarinnar Portsmouth-hatt og bjöllu sem hann hringir látlaust meðan á leikjum stendur.



MÁ JOHN WESTWOOD BÚA HJÁ ÞÉR Í MÁNUÐ?

Fáránlegustu nöfn heims

„Hver skírir barnið sitt þetta?“ er spurning sem við höfum flest varpað fram þegar við heyrum af frumstæðum nöfnum í kringum okkur. Þetta samansafn af furðunöfnum gerir það væntanlega að verkum að ekkert kemur fram á óvart í nafngiftum.

Adolf Lu Hitler Marak

Það verður seint auðvelt að skilja hvers vegna indversk hjón ákváðu að skíra son sinn Adolf Hitler þremur árum eftir að seinni heimsstyrjöldinni lauk. Líklega er ennþá erfðara að átta sig á því hvernig drengurinn náði miklum pólitískum frama með þetta stóruandlega nafn, en sú varð raunin með Adolf Lu Hitler Marak. Hann fæddist árið 1948, hinn 20. apríl sem er einmitt sami afmælisdagur og Adolf Hitler átti. Indverski Hitler var stjórnámalamaður í Meghalaya-fylki og gegndi meðal annars embætti skógar- og umhverfisráðherra, áður en hann missti þingsæti sitt í kosningunum 2003.



HVAÐ Á BARNIÐ AÐ HEITA? NÚ AUBVITAÐ ADOLF HITLER!

Dick Assman

Kanadíski bensinstöðvareigandinn Dick Assman er 76 ára í dag, en hann segist aldrei hafa kippt sér sérstaklega upp við hið einstaka nafn sem hann ber. Assman varð heimsfrægur á einni nóttu í júlímánuði árið 1995 þegar David Letterman uppgötvaði hann og fékk hann í sjónvarpsþátt sinn. Í kjölfarið fékk hann gríðarmikla umfjöllun og var beðinn um að mæta í ótal viðtöl. Um haustið sama ár var gerð könnun þar sem fram kom að helmingur Kanadamanna vissi hver hann var, en í upphafi sumarsins var hann ekki þekktur af öðrum en vinum og fjölskyldu. Assman-nafnið er víst upprunið frá Þýskalandi og kemur af eftirnafninu Erasmus.



TEN MILLION VAR HVERRAR KRÓNU VIRÐI



FLESTIR HEFÐU HALDIÐ AÐ MAÐUR MEÐ SVONA NAFN FÆRI Í KLÁMIDNAÐINN

Ten Million

Bandarískur hafnaboltaleikmaður sem gerði það gott á fyrrihluta 20. aldarinnar. Var þó alltaf þekktastur fyrir að bera þetta óheyrilega skrítna nafn og voru hafnaboltamyndir af honum sérstaklega vinsælar meðal safnara. Það mun hafa verið amma hans sem sannfærði foreldrana um að skýra hann Ten. Þegar Ten sjálfur eignaðist dóttur sannfærði hún konu hans um að skýra hana Decillian. Sagan segir að hún hafi borgað henni 50 dollara fyrir að gera það.

Matrix

Hjón í Eistlandi voru svo hrifin af kvikmyndinni Matrix að þau ákváðu að skíra son sinn í höfuðið á henni. Eftir að drengurinn Matrix kom í heiminn ákváðu eistnesk yfirvöld að herða nafnalöggjöf sína til muna og hafa Matrix 2 og 3 ekki enn litið dagsins ljós þar í landi.

FORELDRAR MATRIX TÓKUBÆDI RAUÐU OG BLÁU PILLUNA

Batman Bin Superman

Það eru fáir sem skarta meira hetjunafni en hinn tvítugi Batman Bin Superman frá Singapúr. Það er ekki furða að hann á sér aðdáendaklúbb á Facebook sem telur yfir sex þúsund meðlimi.



BATMAN SUPERMANSSON

KentuckyFriedCruelty.com

Christopher Garnett, meðlimur dýraverndunarsamtakanna PETA, fékk nafninu sínu breytt í KentuckyFriedCruelty.com árið 2006 til þess að mótmæla meintri illri meðferð skyndebitakeðjunnar Kentucky Fried Chicken á kjúklingum. Nafnabreytingin vakti mikla athygli og sjálf Pamela Anderson lýsti opinberlega yfir ánægju sinni með kappann. Eftir að herferð PETA gegn Kentucky var yfirstaðin tók KentuckyFriedCruelty.com aftur upp skírnafnið sitt, en heimasíðan er ennþá uppi.

Harry S. Truman

Hvað er svona undarlegt við nafn þessa 33. forseta Bandaríkjanna? Jú, stafurinn S í millinafninu stendur ekki fyrir neitt annað en S. Þannig var að foreldrar hans deildu um hvort millinafn hans ætti að vera Solomon í höfuðið á móðurafanum eða Shipp í höfuðið á föðurafanum. Lendingin varð að skýra hann bara S og þannig urðu allir sáttrir.



SANDERS OFURSTI HEFÐI EKKI VERIÐ SÁTTUR

BÖRN FRÆGA FÓLKSINS

Penn Jillette úr teyminu Penn & Teller skírði barnið sitt **Moxie Crimefighter**.

Börn leikstjórans Robert Rodriguez heita **Racer, Rebel, Rogue, Rhiannon** og **Rocket**.



Synir Michael Jackson heita **Prince Michael** og **Prince Michael II**, kallaður **Blanket**.

Sylvester Stallone á son sem heitir **Sage Moonblood**.



Chris Martin og Gwyneth Paltrow skírðu dóttur sína **Apple**.

Bob Geldof og Paula Yates skírðu dóttur sína **Fifi Trixibelle**.



Paula Yates var aftur í essinu sínu þegar hún eignaðist dóttur með söngvaranum Michael Hutchence úr INXS, en hún fékk nafnið **Heavenly Hiraani Tiger Lily**.

Leikaraparið David Duchovny og Tea Leoni eiga soninn **Kyd**.



Jason Lee á son sem heitir **Pilot Inspektor**.

Dóttir **Bono**, söngvara U2, heitir **Memphis Eve**.

Félagi Bono úr U2, gítarleikarinn **Edge**, skírði dóttur sína **Blue Angel**.

Börn Frank Zappa heita **Moon Unit, Diva Thin Muffin, Dweezil** og **Ahmet**.

Dóttir leikarans Rob Morrow úr sjónvarpsþáttunum Numb3rs heitir **Tu Morrow**.

Nicolas Cage á son sem heitir **Kal-El** í höfuðið á Superman.

Leikkonan Shannyn Sossamon skírði dóttur



Mahershalalhashbaz Ali

Bandarískur leikari sem er þekktastur fyrir leik í sjónvarpsþáttunum 4400 og aukahlutverk í myndinni The Curious Case of Benjamin Button. Hann var reyndar skírður Mahershalalhashbaz Gilmore, en af einhverri óskiljanlegri ástæðu ákvað hann frekar að breyta eftirnafninu en skírnafninu. Mahershalalhashbaz er komið úr Biblíunni, en „Maher-shalal-hash-baz“ er hebreskt máltæki sem ekki verður reynt að þýða hér.



Yahoo Serious

Kvikmyndagerðarmaðurinn og leikarinn Yahoo Serious fæddist sem Greg Pead árið 1953, en 27 ára tók hann upp þetta sérstaka nafn. Árið 2000 lögsótti hann leitarvélina Yahoo! og sagði fyrirtækið hafa stolið vörumerki sínu, en málið var fellt niður. Yahoo Serious á að baki nokkrar fremur óþekktar myndir, en á þó sæmilega fjölmennan költ-aðdáendahóp.



Hapoel Tel Aviv

Ísraelskir foreldrar ákváðu að skýra barn sitt, sem fæddist árið 2006, þessu sérstaka nafni. Fyrir þá sem eru ekki djúpt sokknir knattspyrnuáhugamenn er Hapoel Tel Aviv nafnið á knattspyrnuliði sem kemur frá ísraelsku borginni Tel Aviv. Það þarf varla að taka fram að faðir barnsins er eitilharður stuðningsmaður liðsins, en félagið er þekkt fyrir að eiga ákaflega tryggja og marga frekar



Robert Trebor

Við fyrstu sýn virðist nafn þessa 57 ára bandaríska leikara ósköp eðlilegt, en þegar betur er að gáð má sjá að það er palindróma. Það hljómar semsagt eins hvort sem það er sagt afturábak eða áfram. Upprunalegt eftirnafn Trebors var Schenkman, en hann ákvað að breyta því með það fyrir augum að vekja á sér meiri athygli.

Dick Pole

Bandarískur fyrrum hafnabolta-leikmaður og -þjálfari. Fæddur Richard Henry Pole, en eins og svo margir sem heita Richard var hann kallaður Dick alla sína ævi. Með eftirnafnið Pole var ekki við öðru að búast en að hann yrði skotspónn endalausra brandara um ókomna tíð. Bandarískir íþróttafréttamenn höfðu sérstaklega gaman af því að fjalla um hann og kepptust við að koma með skondnar og tvíærðar fyrirsagnir, enda ákaflega auðvelt að tengja nafnið við hvers kyns neðanbeltisstarfsemi.



Brfxxccxxmnpccclllmmnp rxvclmncckssqlbb11116

Sænsk nafnalög þykja nokkuð ströng. Árið 1996 var hjónunum Elisabeth og Lasse gert að greiða sekt þar sem þau höfðu ekki enn skráð nafn á son sinn sem var orðinn fimm ára. Í mótmælaskyni við sektina ákváðu þau að nefna drenginn þessari 43 stafa löngu vitleysu og sögðu að nafnið væri borið fram „Albin“. Sænsk mannanafnanefnd hafnaði nafninu snarlega.



God Shammgod

Bandarískur körfuknatt-leiksmaður sem er því miður ekki eins stórkostlega leikinn með knöttinn og nafnið hans gefur til kynna. Þvert á það sem flestir ætla þegar þeir heyra nafnið er þetta raunverulegt skírnafn mannsins. God spilaði reyndar bara eitt tímabil í NBA en hefur síðan leikið víða um heim, til dæmis í Kína, Póllandi og Sádi-Arabíu. Spurning hvort hann hafi náð að breiða út orðið góða á ferðum sínum um heiminn?

Byron Low Tax Looper

Byron Anthony Looper er 36 ára fyrrum stjórnmálamaður frá Tennessee-fylki sem lét breyta millinafni sínu í Low Tax (lágir skattar) til þess að reyna að ná frama í stjórnmálunum. Í dag afplánar hann lífstíðarfangelsisdóm sem hann hlaut fyrir að myrða móttframbjóðanda sinn árið 1998.



Coco Crisp

31 árs bandarískur hafnaboltamaður sem leikur með Oakland Athletic. Coco Crisp var skírður Covelli Loyce Crisp, en þegar hann var lítill fékk hann viðurnefnið Coco í höfuðið á morgunkorninu Cocoa Krispies. Gaman væri að vita hvert er upphalds morgunkorn kappans?



GoldenPalace.com

Bandarísk fimm barna móðir ákvað árið 2005 að bjóða nafn sitt til sölu á eBay með það fyrir augum að safna fé til að framfleyta börnum sínum. Það var netspilavítið GoldenPalace.com sem átti hæsta boð, 15.199 dollara. Konan, sem áður hét Terri Illigan, framvísar því skilríkjum með nafninu GoldenPalace.com í dag. Golden Palace hefur tekið upp á ýmsum sérstökum markaðsbrellum og til að mynda borgað fólki fyrir að húðflúra GoldenPalace.com á líkama sinn.



Anna Bertha Cecilia Diana Emily Fanny Gertrude Hypatia Inez Jane Kate Louise Maud Nora Ophelia Prudence Quince Rebecca Sarah Teresa Ulysis Venus Winifred Xenophon Yetty Zeno Pepper

Það er næsta víst að Pepper-hjónin hafi verið með eitthvað sterkara en pipar í pípunni sinni þegar þau völdu nafn dóttur sína. Nafnið sem varð fyrir valinu er hér að ofan, en glöggir lesendur sjá að nafnarunan myndar stafrófið frá A-Z. Sökum þess hversu nafnið var langt var hún ævinlega kölluð Alphabet (Stafrófið).





Stjörnustríð

Eva Mendes og **Thandie Newton** í glæsilegum Vivienne Westwood-kjól. Flottar konur í flottum kjólum en Eva fær bikarinn fyrir betri aukahluti. Skómir og hálsmenið fella Thandie.

Emma Bunton mætti á verðlaunaafhendingu í sama Alexander McQueen-kjól og **Salma Hayek** mætti í til David Letterman. Salma tók sig betur út og kjöllinn virðist of stór á Emmu.

Carmen Electra lítur nokkuð vel í þessum Herve Ledger-kjól út og sigrar stríðið með 100 stigum á móti engu. **Lil Kim** gerir lítið úr ágætis kjól með þessum ljótu eyrnalokkum og skóm.

Kristin Cavallari og **Rihanna** eru ólíkar týpur og er undarlegt að sjá þær í sama kjólum. Þessi kjóll frá The Blondes á mun betur við stíl Rihönnu og hreppir hún því stjörnustríðsgripinn.



HANNA MARÍA JÓHANNSDÓTTIR

02.11.92
Nemi í Menntaskólanum við Sund

Hjúskaparstaða?
Er í sambandi.

Fylgist þú með tisku?
Já, mamma er mikið inni í þessu svo ég fylgist aðeins með. Við förum stundum á bókakaffi og kíkjum í tískublöðin.

Uppáhaldsflík?
Nýir hælaskór úr Kron Kron.

Klikkaðasta sem þú hefur gert?
Ég og vinkona mín ætluðum að ræna annarri vinkonu úr íbúð sinni. Börðum að gluggunum til að hræða hana en kærastinn hljóp brjáláður út á eftir okkur, þá héldu þau að ókunnugir væru að ráðast inn.

Hvaða snyrtivörur notar þú?
Ég nota yfirleitt bara lítið dagkrem og maskara.

Fegrunnarráð? Farða sig lítið, hrikalega ljótt að vera of mikið málaður.

Hvert langar þig til að ferðast?
Mig langar mikið að flytja til Boston eftir stúdentinna, er mjög hrifin af Boston.

Best við að vera í boltanum?
Gott að hreyfa sig mikið og fá útrás.

Hvað fer í taugarnar á þér?
Þegar fólk er frekt.

Uppáhaldsmatur?
Það er lasagnað hennar mömmu.

Draumamaðurinn í þremur orðum.
Hávaxinn, íþróttamaður, menntaður.

Hvað ætlar þú að eignast mörg börn?
Þrjú börn, tvær stelpur og einn strákur.

Ef þú mættir vera hver sem er í einn dag? Væri alveg til að prófa að vera Messi.

Gæjaleg tíska fyrir skólann

Fótboltastúlkan **Hanna María kíkta við á Monitorstaði** fyrr í vikunni. Fer nú haustið að skella á og ekki seinna vænna að fara að huga að skólafatnaði og kíktum við því á úrvalið í **Sautján**.



DELIPSCIOUS-VARALITUR NR. 7: SHEER RASPBERRY
Bleikur og búinn til úr náttúruæfnum sem má borða.
1.660 kr.
Body Shop



MOSS HERMANNAÚLPA
Gæjaleg stelpuúlpa fyrir skólann í vetur, gott að festa kaup á einni áður en kulduinn skellur á.
16.990 kr.
Sautján



MOSS KLÚTUR
Snilldar klútur sem hægt er að vefja misþétt um hálsinn. Virkar vel sem aukahlutur innandyrna en gerir sitt úti í kuldanum.
3.990 kr.
Sautján

MOSS SÍÐUR HLÝRABOLUR
Gott að eiga einn svona undir síðar peysur og þunna boli.
3.990 kr.
Sautján

MOSS STUTT-ERMABOLUR
Flott, vítt snið við gallabuxur í skólann.
4.990 kr.
Sautján



SUPER VOLUME-AUGNHÁRALITUR, SVARTUR
Þykkir augnhárin og lengir þau.
1.790 kr.
Body Shop



SWEET LEMON-HÖRUNDSKRÚBBKREM
Hressandi og ilmgóð byrjun á hverjum degi.
2.390 kr.
Body Shop

BRONX STÍGVÉL
Reimuðu stígvélin verða vinsæl í vetur, þægileg og smekkleg til að traðka niður slabbíð.
17.990 kr.
GS skór



Morissette hrærir í barn

Kanadíska söngkonan Alanis Morissette hefur látið lítið fyrir sér fara síðustu árin en hún hefur þó greinilega ekki setið auðum höndum því nú hefur hún hrært í eitt stykki barn, eða bumbubúa eins og það er jafnan kallað á Barnalandi.

Barnið bjó hún til með rapparanum Mario Treadway sem betur er þekktur sem Souleye. Þau giftu sig einmitt í vor en þá höfðu þau verið að hittast í um átta mánuði.

Söngkonan greindi frá þunguninni í tímaritinu US Weekly í lið þar sem hún var beðin að nefna 25 hluti sem lesendur vissu ekki um hana. Listann endaði hún á þeirri staðreynd að hún gengi með barn.

Þetta er fyrsta barn Morissette sem er 36 og jafnframt fyrsta hjónaband hennar, en áður hafði hún verið í sambandi við leikarann Ryan Reynolds en hann er nú giftur leikkonunni Scarlett Johanson.



Svaf oft hjá karlmönnum

Leikarinn Tom Hardy, sem lék meðal annars í myndinni Inception, segist þó nokkrum sinnum hafa prófað að sænga hjá karlmanni þegar hann var yngri. „Að sjálfsögðu hef ég prófað það, ég er leikari!“ sagði hann í viðtali við Now Magazine en í dag er hann hamingjusamlega trúlofaður bresku leikkonunni Charlotte Riley og á tveggja ára son úr fyrra sambandi. „Ég hef leikið mér með allt og öllum. Ég elska form og líkama,“ hélt Hardy áfram. „Það er margt sem maður fær úr sambandi við aðra karlmenn, ekki síst samkynhneigða, sem ég þarfnast í mínu lífi. En nú á seinni árum er það ekki nóg fyrir mig.“

ÓTRÚLEGT! VÍSINDALEG UNÐUR Í EYMUNDSSON

KOMDU Í EYMUNDSSON OG SJÁÐU ÓTRÚLEGT VERÐ
Á SKÓLAVÖRUM FYRIR HAUSTIÐ.



MYND VI. **BAKPOKAKENTÁRAR** MCCVI
Centaurus Dosphilis



■ ■ Ég fékk þetta bara upp í hendurnar eins og Forrest Gump, bara fyrir slysi!

viðtalið

Get ekki endalaust pissað í buxurnar

Sverrir Þór Sverrisson er enginn vitleysingur þótt hann hagi sér stundum þannig, enda þarf meira til svo úr verði blómlegur ferill. Hann er með mörg járn í eldinum og auk nýrrar sjónvarpsþáttaraðar hefur hann nýlokið við gerð fyrstu leiknu þrívíddar-bíómyndarinnar á Norðurlöndunum.

Texti: Haukur Johnson haukurjohnson@monitor.is
Myndir: Ernir Eyjólfsson ernir@mbl.is

Hann hefur verið kallaður Sveppi frá því hann var fjögurra ára gamall og skilur ekki alveg hvers vegna hann er spurður út í gælunafnið í nánast hverju viðtali, nema þessu, enda þótti honum það liggja beint við. Sveppi er alinn upp í Breiðholtinu þar sem hann var alla sína skólagöngu, fyrst í Breiðholtsskóla og svo FB, en í dag býr hann í Smáibúðahverfinu ásamt unnustu sinni og tveimur börnum. „Þetta byrjaði allt uppi á borði á Solon Islandus. Við vorum að anda að okkur heliumi og að dansa,“ segir hann um fyrstu kynnin en síðan þá segir hann unnustuna hafa mátt horfa upp á ýmislegt undarlegt. Hann segist alltaf hafa unnið eins og brjálæðingur en Sveppa hefur tekist það sem marga dreymir um – að fá borgað fyrir það sem aðrir myndu borga fyrir að fá að gera.

Ætlaðirðu alltaf að verða svona mikill sprellari?

Þegar ég var í FB lék ég í tveimur leikritum og söngleikjum og var líka í leikriti sem var sýnt í Loftkastalanum og hét Sumar á Sýrlandi. Þannig að það var komið í ljós á þeim tíma að mig langaði að stefna eitthvað í þessa áttina en það stóð alltaf til að verða leikari. Ég sótti tvisvar um í Leiklistarskólann hér heima og komst mjög nálægt því að komast inn í fyra skiptið en fór svo að grenja. Sótti svo um aftur og komst ekki og þá fannst mér þetta nú bara eitthvað rugl. Ég sagðist bara ætla að fara út í nám, fannst bara töff að segja það, en vissi undir niðri að ég myndi ekki gera það.

Var þá einhver annar starfsveitvangur sem þér fannst koma til greina, þegar þú varst ekki viss um að þetta væri að ganga upp?

Ég var nú að læra íþróttafærni þarna í FB og á einhverjum tímamarki stóð jafnvel til að verða íþróttakennari. Það varð samt aldrei neitt úr því. Ég var í FB í fjögur ár en kláraði tvö. Tók félagslífið svolítið fram yfir námið. Svo hætti ég í skóla af því ég fékk tilboð frá Hagkaup sem ég gat ekki hafnað. Ég vann frá átta til þrjú eina vikuna og frí um helgi og svo alla hina vikuna og um helgina frá þrjú til níu og fékk 115 þúsund krónur á mánuði. Þá skipaði ég skólanum! En ég hef alltaf verið duglegur að vinna. Vann þarna í grænmetinu í Hagkaup, svo á lager þar sem ég kláraði alltaf mín verkefni fyrstur og fór þá að vinna við að naghreinsa spýtur af því mér fannst ég ekki hafa nóg að gera. Var alltaf að vinna eins og brjálæðingur.

Hvernig hófst svo ferillinn fyrir alvöru?

Ég var alltaf að fíflast eitthvað og ef það hefði verið Idol-keppni á þessum árum þá hefði ég mætt í þær allar og líka í allar þrjár og svoléidís. Á þessum tíma voru Simmi og Jói með útvarpsþáttinn Sjö-tíu á Mono en ég hafði æft handbolta með Simma og kannadist aðeins við Jóa. Þeir höfðu samband við mig því þeir voru að fara í gang með

eitthvað í þættinum sem hét Gengið of langt. Þeir báðu mig um að ganga hringinn í kringum landið og ég stökk á það á núll einni! Þegar ég var svo nýbúinn að klára að labba hringinn þá fór stöðin á hausinn! Svo byrjuðu þeir með 70 mínútur og ég hafði sagt þeim að ég væri nú alveg til í að hjálpa með það, væri með fullt af hugmyndum. Það vatt svo upp á sig og fljótlega var ég kominn í fullt starf og þátturinn varð bara rosa vinsæll.

Þetta byrjaði þá svona svolítið af sjálfu sér?

Já, eiginlega. Ég fékk þetta bara upp í hendurnar eins og Forrest Gump, bara fyrir slysn!

Hvers vegna urðu 70 mínútur svona vinsælar?

Það var eitthvað svo sjarmerandi við 70 mínútur. Jói og Simmi rúlluðu þessum bolta af stað og vissu ekkert út í hvað þeir voru að fara, að vera með 70 mínútna langan sjónvarpsþátt á hverju kvöldi. Margir vildu meina að þetta væri ekki hægt og gáfu þessu svona tvær vikur, því þeir sáu um þetta allt sjálfir. Klippu þáttinn, bjuggu til settið og allt. Eins þegar ég og Auði (Auðunn Blöndal) vorum orðnir einir með þáttinn, þá var enginn hljóðmaður eða sminka og við tókum bara hvorn annan upp þegar hinn var að fíflast. Við tókum þættina upp í hádeginu af því þá var stúdíóið laust því allir á Stöð 2 voru í mat. Svo þurftum við að vera búnir klukkan eitt því þá voru menn að fara að vinna! Gera eitthvað alvöru sjónvarp! Þetta var auðvitað tóm basl. Við þurftum að finna endalaust af efni og stöðugt að vera að framleiða. Svo var þetta sýnt klukkan tíu á kvöldin. Stundum var þátturinn 90 mínútur ef við vorum í stuði og duttum í gott spjall. Það var enginn að hvísla í eyrað að tíminn væri búinn eða neitt. Þetta var bara eins og útvarpsþáttur í sjónvarpi og fólk vissi að hverju það gekk. Þetta var bara bull og vitleysa en það var eitthvað svo sjarmerandi við þetta.

Hvað fannst foreldrum þínum um bullið? Nú varstu orðinn svolítið fullorðinn og varst að pissa í bleyju og svo framvegis.

Það voru einstaka móment þar sem mamma stóð bara upp og fór inn í eldhús að dunda eitthvað annað. Hún tók bara Pollyönnu á þetta. Hún var auðvitað ýmsu vön frá mér. En þetta var bara það sem ég vildi og hún vissi það. Maður var aðallega að níðast á sjálfum sér, en ekki einhverjum öðrum. Sumt fór samt náttúrulega yfir strikið en megnið af

■ ■ Ég var alltaf að fíflast eitthvað og ef það hefði verið Idol-keppni á þessum árum þá hefði ég mætt í þær allar.

Á 60 SEKÚNDUM

Vandræðalegt móment? Það var mjög vandræðalegt þegar ég var í eitt af mínum fyrstu skiptum í mat hjá tengdforeldrum mínum og þurfti að hnerra en fannst það svo óþægilegt að hnerra bara í matinn að ég kæfði hnerrann en prumpaði þá! Það var mjög vandræðalegt.

Frábær grínisti? Ricky Gervais.

Uppáhaldsfylki í Bandaríkjunum eftir ferðalagið? Texas! Það var svo góður kjúklingurinn þar.

Frábær „skets“? Þegar Benedikt Erlingsson fer að grenja út af konunni sinni í Fóstbræðrum.

Bjánalegasti maðurinn? Það er líklega bara ég.

Frábær maður? Pétur Jóhann Sigfússon er frábær maður.

Besti skyndibittinn? Pylsa með öllu á Bæjarins bestu.

Ópolandi hljóð? Ískur í bremsuklossum.

Það hættulegasta sem þú hefur gert? Það er annað hvort fallhlífstökk eða þegar ég kafaði í klóakinu í Hafnarfirði.

Eitthvað sem fer í gegnum þig? Ískrið þegar gaffall fer í disk.



þessu var bara fyndið og skemmtilegt. Maður fékk þó alveg að heyra það frá fólki að maður væri nú ekki með öllum mjalla.

Þú ert einn af þeim sem hefur gengið mjög vel í þessum bransa og hefur fengið að gera nokkurn veginn allt sem þér dettur í hug. Það hlýtur samt að vera þreytandi að þurfa alltaf að vera að reyna að fá góðar hugmyndir og að finna sér næsta verkefni?

Jú, það er líklega það erfðasta við þetta. Að reyna að halda sér ferskum og reyna að vera alltaf að koma með eitthvað nýtt og skemmtilegt. Oft tekur maður sénsa því maður veit aldrei hvernig fólk mun taka hlutunum. Sumt er ekki gott og annað er snilld. Stundum situr maður á skrifstofunni með Auða og hugsar „hvað eigum við að gera núna? Við verðum að láta okkur detta eitthvað gott í hug!“ Svo erum við auðvitað oft búnir að því sem okkur dettur í hug. Við erum búnir með mjög mikið af fíflaskap. Þetta kemur samt alltaf á endanum.

Hafa aldrei komið upp augnablik þar sem þig langar bara að komast í venjulega níu til fimm vinnu þar sem þú þarft ekki stöðugt að vera á tánum og þú veist hverjar tekjurnar næsta árið verða?

Við erum svo lukkulegir uppi á Stöð 2 að vera bara venjulegir launþegar. Við þurfum bara að skila af okkur ákveðnum verkefnum og höfum ekki verið í þessu limbói eins og margir listamenn, ef síminn hringir ekki þá ertu kannski í veseni um næstu mánaðarmót. Þeir hafa passað upp á okkur hjá Stöð 2 og það er ótrúlega þægilegt. Ég veit ekki hvort ég myndi bara meika þetta öðruvísi.

Bíómyndin Algjör Sveppi og leitinn að Villa kom út í fyrra og gekk mjög vel. Hún var samt ekkert gríðarlega dýr í framleiðslu, var það?

Nei, þetta var ekkert rosalega dýr framleiðsla en hún var mjög skemmtileg. Handritið var gott og þétt og hélt fólki við efnið. Allavega börnunum. Svo reyndum við líka að hafa fullorðinshumor. Ef hugmyndin er góð þarf myndin ekkert að vera dýr.

Við Bragi Hinriksson, leikstjóri, gerðum hana eiginlega bara tveir og þetta var mikill skóli.

Finnst þér mikill munur á því að semja efni fyrir börn og fyrir fullorðna?

Það hentar mér bara mjög vel að semja efni fyrir börn og mér finnst það mjög gaman. Þegar ég og Villi erum að skemmta þá reynum við samt yfirleitt að skemmta fullorðna fólkinu líka. Það er ekkert leiðinlegra heldur en að vera fullorðinn á barnskemmtun og það er bara verið að sinna börnum. Það er svo mikið atriði að þetta sé svona svolítið eins og Toy Story og Shrek sem eru svona myndir sem eru fyrir börn en höfða til fullorðinna líka.

Svo er von á næstu mynd frá ykkur í september og hún er fyrsta íslenska þrívíddarmyndin. Var hún þá margfalt flóknari og dýrari í framleiðslu?

Mér fannst eitthvað spennandi og töff við að búa til fyrstu þrívíddarmyndina á Íslandi. Hvað þá þegar ég komst að því að þetta væri fyrsta leikna þrívíddarmyndin á Norðurlöndunum! Bragi er náttúrulega ótrúlegur og hafði farið á eitthvað þrívíddarnámskeið og lært hvernig á að gera þetta í grunninn og honum fannst þetta ekkert svo mikið mál. Þá ákváðum við bara að kýla á þetta. Við keyptum bara græjur og æfðum okkur svolítið og byrjuðum svo. Og þetta var alls ekkert svo stórauðinn kostnaður.

Þú hefur líka verið að vinna að þætti sem heitir Ameríski draumurinn. Þar ferðastu í gegnum Bandaríkin með vinum þínum og keppir í allskyns þrautum. Eruð þið ekki bara að fá borgað fyrir að gera hluti sem aðrir myndu borga fyrir?

Jú. Það er dálítið þannig og þannig ætla ég að reyna að haga lífi mínu, að fá borgað fyrir að gera skemmtilega hluti! Þetta voru ég, Auddi, Egill Gillzenegger og Villi Naglbítur og við erum allir ágætis vinir. Við ferðuðumst í gegnum Bandaríkin í tveimur liðum og kepptum á móti hver öðrum. Framleiðendurnir lögðu fyrir okkur allskonar þrautir sem við vissum ekki af fyrirfram en svo vorum við líka með allskonar reglur og við gátum safnað

stigum. Til dæmis gat maður fengið stig fyrir að snerta dverg. Ef við sáum dverg þá bara tók maður upp myndavélina og fann leið til að koma við hann. Fór kannski upp að honum og sagði svo bara „sorry, I thought you were somebody else!“ Úr þessu varð til alveg rosalega mikið efni og fyrsta flokks afþreying sem kemur á Stöð 2 núna 20. ágúst.

Þú hefur unnið mikið og náð með Auðunni Blöndal. Nú var hann kosinn óviðkunnanlegasta stjarna Íslands í útlitarspætti á X-inu um daginn. Hvað segir þú um það? Er erfitt að vinna með honum?

Ég hló mjög mikið að því og hef skemmt mér mjög mikið yfir því. Lét hann alveg heyra það. En það er voðalega notalegt að vinna með honum. Hann er alls ekki óviðkunnalegur enda var þetta nú ekki Capacent, þetta var X-ið! Hann er manna skemmtilegastur þegar hann er að skemmta sér. Þá er hann bara að gera það með sínum vinum, án þess að vera eitthvað ókurteis og er þá ekkert að hlaupa upp um allt og reyna að vera hressi gæinn fyrir öllum. Hann tók þetta mjög lítið nærri sér.


Hvernig sérðu framtíðina svo fyrir þér? Verður maður aldrei of gamall til að láta svona?

Maður er náttúrulega orðinn fullorðinn maður og með tvö börn og getur ekki endalaust pissað í buxurnar. Dóttir mín er farin að horfa á DVD-diska sem voru gefnir út þegar ég var að byrja. Þar eru atriði sem maður er svolítið að fá í bakið núna. Þannig að við erum farnir að færa okkur svona aðeins úr því. Maður veit ekkert hvenær fólk fær bara ógeð á manni eða nennir ekki að horfa á meira og þá þarf maður náttúrulega að hugsa hvað maður ætlar nú að gera þegar maður verður stór. Ég gæti til dæmis hugsað mér að vera meira á bak við myndavélina að framleiða þætti. Nú erum við búnir að búa til eina bíómynd sem gekk mjög vel og önnur er á leiðinni. Mér finnst það magnað og okkur langar jafnvel að búa til þá þriðju. Þannig að það er þessi heimur sem heillar mig og það er haugur af dóti sem mig langar til að gera.

▲▲ Svo hætti ég í skóla af því ég fékk tilboð frá Hagkaup sem ég gat ekki hafnað.



VISA BIKARINN 2010



FH: Matthías Vilhjálmsson og Helmir Guðjónsson KR: Bjarni Guðjónsson og Rúnar Kristínsson f e k u s / ljósmynd Grímur Bjarnason



FH - KR

Úrslitaleikur karla

Laugardaginn 14. ágúst kl. 18.00

Laugardalsvöllur

VISA VALITOR





Ekki vera hrædd við að leita ráða. Starfsmenn í snyrtivöruverslunum kunna sitt fag og MAC býður upp á fría 30 mínútna förðunarráðgjöf.

Stíllinn hefur fengið margar fyrirspurnir um hinar ýmsu förðunaraðferðir og leitaði því ráða hjá förðunarfræðingnum **Rakel Ottesen** sem notaði sniðugar vörur frá MAC. Hvem hefði dottið í hug að það væri svona auðvelt að setja á sig gerviaugnahár?

Förðunarkúrs á 5 mínútum



Fix-spreyð er tilvalið í handtöskuna til að fríska upp á sig um miðjan dag. Rakagefandi andlitssprey.



Það er mun einfaldara að móta eyeliner-línu með skornum bursta eins og þessum.

Steinefnaaugnskuggar

Aðferð

» Hægt að nota á tvo vegu, þurra og blautu.
» Bleyttir upp með vatni eða fix-spreyi. Það gefur kremaða áferð og augnskugginn helst lengur.

Af hverju eru þessir augnskuggar sniðugir?

» Hvert box hefur að geyma þrjá liti sem henta vel til förðunar á augnlok og til skyggingar og lýsingar undir augabrúnnir.
» Steinefnaaugnskuggar og púður innihalda vítamín sem eru góð fyrir húðina og loka ekki svitaholunum.




Eyeliner

Aðferð

» Byrjað á að gera mjóa línu við augnhár. Spissinn gerður í lokin.
» Ekki loka augnum þegar þú mótar línuna, horfðu niður þannig þannig að augnlokin séu slétt.

» Gott er að gera spissinn með opin augu. Þannig sérðu nákvæmlega hvað þú ert að gera.
Af hverju er gel-eyeliner sniðugur?
» Gott er að nota gel-eyeliner því hann rennur ekki eins mikið til og sá blauti og myndar fallegri áferð en þurr blýantur.




Gerviaugnahár

Aðferð

» Besta límið fyrir gerviaugnahár er DUO sem fæst í apótekum.
» Þunn lína af DUO borin á gerviaugnahárin. Beðið í 15-20 sekúndur þannig að límið byrji að þorna örliði. Þannig renna augnahárin ekki eins til þegar þú setur þau á.
» Byrjað á því að festa gerviaugnahárin við mitt augnlok, eins þétt að augnlínu og hægt er. Fest næst ytri krók og svo innri krók. Gott er að nota fingur eða skaft af mjóum augnskuggabursta.

Af hverju eru gerviaugnahár sniðug?
» Hægt er að velja um margar gerðir augnhára, náttúruleg og svo ýktari gerðir fyrir kvöldförðun.
» Þetta verða allar stelpur að prófa þetta. Súper-einfalt eftir nokkur skipti.
» Hægt er að kaupa eitt par og nota aftur. Settu fyrst maskarann á þín augnahár, þannig endast gerviaugnahárin lengur.



Highlighter

Aðferð:

» Berist á kinnbein og yfir augabrún
» Flott er að setja örliði við efri vör.

Af hverju er highlighter sniðugur?

» Flott er að nota highlighter á móti sólarpúðri. Þannig dekkir þú með sólarpúðirnu og lyftir kinnbeininu upp með highlighter. Mjög einfalt í notkun.



Götutískan í miðbæ RVK

Stíllinn kíkti á sólríkum degi í miðbæ Reykjavíkurborgar. Að hætti internetbloggara smelltum við af nokkrum vel klæddum einstaklingum og fræddumst um fatnað þeirra.



Alexander Kirchner
24 ára
Lífskúnnstner sem vinnur að fatalínu.
Jakki: Gyllti kötturinn.
Skyrta: Spúútnik.
Buxur: Tsubi gallabuxur.



Helena Björgvinsdóttir
25 ára
Arkitektanemi í Danmörku.
Jakki: Zara.
Buxur: HM.
Skór: Tyrkneskur markaður í Árósum.
Taska: HM.



Anna Lotta
17 ára
Nemi við MR.
Skór: Kaupfélagið.
Kjól: Topshop.
Jakki: Topshop.
Taska: Hjálpræðishersbúð í Englandi.



Dagný Berglind
25 ára
Verslunarstjóri í Nostalgía.
Bolur: Nostalgía.
Vesti: Andersen og Lauth.
Buxur: Nostalgía.
Skór: Nostalgía.
Taska: Nostalgía.



Tinna Sverrisdóttir
22 ára
Leiklistanemi við LHÍ.
Samfestingur: Topshop.
Vesti: Vintage, man ekki hvaðan.
Skór: Kínaskór úr Skarthsínu.
Taska: Spúútnik.




Linda Loeskow
32 ára
Grafískur hönnuður.
Hálsmen: Frá Kína.
Allt annað: Second hand.



Jón Benediktsson
22 ára
Stærðfræðinemi í HÍ.
Skyrta: Spúútnik.
Gallabuxur: Spúútnik.
Belti: Spúútnik.
Skór: Spúútnik.



Anika Laufey Baldursdóttir
19 ára
Vinnur á Sólon.
Toppur: Rauði krossinn.
Buxur: Spúútnik.
Skór: Gyllti kötturinn.
Taska: Útlönd.



Tvönnir tímar, ein þjóð

og fréttirnar sem flestir lesa

mbl.is

Morgunblaðið

— Meira fyrir lesendur

FERILLINN



Angelina Jolie

Hæð: 173 sentimetrar.
Besta hlutverk: Lisa Rowe í *Girl, Interrupted*. Hlutverkið sem tryggði henni Óskarsverðlaun.
Skrýtin staðreynd: Á sex börn sem fædd eru á árunum 2001-2008. Þrjú þeirra eru ættleidd.
Eitruð tilvitnun: „Ég fíla allt. Strákalegar stelpur, stelpulega stráka, feita og granna. Sem er vandamál þegar ég er úti á götu.“

1975 Fæðist 4. júní í Los Angeles.

1982 Leikur sjö ára gömul í sinni fyrstu kvikmynd, *Lookin' to Get Out*, á móti föður sínum, Jon Voight.

1996 Giftist leikaranum Jonny Lee Miller, sem hún lék á móti í *Hackers* árið áður. Við athöfnina klæðist hún svörtum gúmmibuxum og hvítri skyrtu sem hún skrifaði nafn brúðgumans á með blóði.

2000 Hlýtur Óskarsverðlaunin sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í *Girl, Interrupted*. Í þakkar-ræðunni segir hún meðal annars: „Ég er svo ástfangin af bróður mínum núna.“ Seinna birtast myndir af þeim að kyssast.



ER SALT Á LEIÐ Í GRAUTINN?

Frumskýningar helgarinnar

Salt

Leikstjóri: Phillip Noyce
Aðalhlutverk: Angelina Jolie, Liev Schreiber og Chiwetel Ejiofor.
Lengd: 100 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,7 / Metacritic: 6,5 / Rotten Tomatoes: 58%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.



CIA fulltrúinn Evelyn Salt (Jolie) sór eið heiðurs og hollustu til lands síns. En það mun reyna á það þegar rússneskur njónsari sakar hana um að vera svikari. Salt fer á flotta og þarf að nota alla sína hæfileika og reynslu til að forðast handtöku. Tilraunir Salt til að hreinsa mannorð sitt vekja upp efa um ætlanir hennar þegar leitin að sannleikanum nær hámarki.

2000 Giftist leikaranum Billy Bob Thornton, sem hún lék á móti í *Pushing Tin* árið áður. Þau skilja árið 2003.

2002 Ættleiddir sjö mánaða kambó-dískan

dreng að nafni Maddox. Árið 2003 ættleiddir hún epiópísku stúlkuna Zahara Marley og 2007 víetnamska drenginn Pax Thien.

2005 Leikur á móti Brad Pitt í *Mr. & Mrs. Smith* og takast með þeim ástir. Sama ár verður hún ólétt eftir Pitt

The Last Airbender

Leikstjóri: M. Night Shyamalan
Aðalhlutverk: Jackson Rathbone, Nicola Peltz, Dev Patel og Noah Ringer.
Lengd: 103 mínútur.
Dómar: IMDB: 4,3 / Metacritic: 2,0 / Rotten Tomatoes: 8%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó og Borgarbíó.



Fjögur náttúruöfl, vatn, loft, eldur og jörð eru bundin sama örlagavef. Skyndilega lýsir þjóð eldsins yfir stríði á hendur hinum og grimmir eldar geisa í heila öld. Vonleysi ríkir þegar Aang (Ringer) uppgötvar að hann hefur vald til þess að stjórna öllum fjórum náttúruöflunum. Hann gengur í lið með systkinunum Sokka (Rathbone) og Katara (Peltz) og í sameiningu reyna þau að koma á jafnvægi í stríðshráðum heimi.

og ári síðar eignast þau dótturina Shiloh Nouvel sem var tekin með keisaraskurði, í Namibíu.

2008 Tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta leikkona í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í *Changeling*.

Popp-korn

Talsmaður Tom Cruise blæs á sögusagnir þess efnis að **David Beckham** verði fengið lítið aukahlutverk í *Mission Impossible 4* en sögusagnir þess efnis hafa verið í gangi. Cruise mun hafa verið spurður á blaðamannafundi hvort hann teldi að Beckham væri góður leikari og Cruise svaraði því til að það væri hann örugglega. Það sé þó ekkert til í því að hann sé að hvetja Beckham til að nýta sér Hollywood-lega ásýnd sína á hvíta tjaldinu.



Það lítur út fyrir að hin 37 ára gamla leikkona **Cameron Diaz** finni fyrir masókistiskum kenndum en hún segist hafa elskað að flagga marblettum og rispum sem hún státaði af eftir tókur á myndinni *Knight And Day*. Hún segist sérstaklega hafa haft gaman af því að fara marín og blá á *Golden Globe* verðlaunin sem afhent voru á meðan mesti hasarinn í tókum myndarinnar var í gangi.



Jason Statham segir að jafnvel grjótharðir hasarnaglar eins og hann hafa mjúkar hliðar. „Við erum veikburða innra með okkur eins og allir aðrir, þótt við séum harðir á yfirborðinu.“ sagði hann í viðtali um sig og meðleikara sína í myndinni *The Expendables*, sem eiga það allir sameiginlegt að líta út fyrir að geta drepð með berum höndum.



Skemmtileg leið til að safna áheimum

Ef þú ætlar að hlaupa til góðs í Reykjavíkumaraþoninu getur þú búið til skemmtilegt myndband af þér á hlaupastyrkur.is. Myndbandið getur þú sent til vina og vandamanna með tölvupósti, á Facebook eða Twitter og vakið athygli á þinni áheitasöfnun.

Skráðu þig strax til leiks og byrjaðu að safna áheimum.

- Stoltur bakhjart hlaupsins síðan 1997

SAFNAÐU
ÁHEITUM
hlaupastyrkur.is

27. REYKJAVÍKUR
ÁRÁ MARAÞON
ISLANDSBANKA
21. AGÚST 2010

LOKAPRÓFIÐ

12. ágúst 2010 | **MONITOR** skólinn

Nafn: FRIÐRIK ÞÓR

Þú veist hver ég er af því að ég LEK Í SÖNGLEIKNUM WELCOME TO THE JUNGLE

Það besta við að vera frægur tónlistarmaður á Íslandi er:

- a) Að eiga svona margar grúppur.
- b) Að þurfa ekki að bíða í röð á skemmtistöðum. af því að
- c) Ég er ekki enn orðinn frægur. Sumir halda ennþá að ég heiti Friðrik Þór.
- d) Það er ekkert gott við það. Ég hata frægðina. Látio mig í friði!



Það sem fáir vita um mig er

- a) Ég samdi lagið Fyrir hana í raun og veru fyrir hana.
- b) Ég er með tattú.
- c) Ég hef setið í fangelsi.



d) Ég hef alltaf átt í erfiðleikum með þyngdarstjórnun

Það sem fer mest í taugarnar á mér við fólk er þegar það er vissu á umhyggju

Ég á meira en 2.500 vini á Facebook, sem er fyndið af því að

- a) Ég addaði þeim öllum sjálfur.
- b) Ég þekki ekki helminginn af þeim.
- c) Einhvern tímann langar mig að bjóða öllum Facebook-vinum mínum í parti og ég veit ekkert hvar ég á að halda það.
- d) Ég kann ekkert á tölvur.

Þegar ég var yngri var Robbi Magg átrúnaðargoðið mitt en í dag held ég ekki vatni yfir Tryggva Guðmunds

Eftir 10 ár verð ég

- a) Búinn að gefa út nokkrar plötur, en fjölskyldan verður í fyrsta sæti.
- b) Að gefa út jaðarindíplötu með engum hljóðfæraleik sem verður sungin á „friðriksku“.
- c) Frelsaður að gefa út gospelpötu eftir að hafa verið nokkur ár í ruglinu.
- d) Útbrunninn og gef út heimaklámmynd í örvæntingarfullri von um að komast aftur í fréttirnar.
- e) Ennþá í vandræðum með þyngdarstjórnun

Af þessum störfum væri ég helst til í að vera

- a) Læknir.
- b) Stjórnámaður.
- c) Lögregluámaður.
- d) Bankastarfsmaður.

En innst inni langar mig mest að vera Alheims stjarna

Ég gæti ekki verið með stelpu ef hún flaði ekki góðan hámor og morgunmat í rúmið

Af þessum fjórum væri ég helst til í að festast í lyftu með

- a) Ásdís Rán.
- b) Guðmundi í Byrginu.
- c) Völu Grand.
- d) Gillzenegger.

Vegna þess að mig langar að prófa háttinn



Minn helsti kostur er sjálfsöruggi

en minn helsti veikleiki er að ég er lengi að hefjast handa við hlutina

Minn uppáhalds Friðrik fyrir utan sjálfan mig er

- a) Friðrik Karlsson, tónlistarmaður.
- b) Friðrik Ólafsson, stórmeistari í skák. það er enginn betri í Íslandi
- c) Friðrik Ómar, tónlistarmaður.
- d) Friðrik Sophusson, fyrrum taflsög forstjóri Landsvirkjunar.
- e) Friðrik Weishappel, athafnamaður.
- f) Friðrik Þór, kvikmyndagerðarmaður.

Ef ég væri persóna í How I Met

Your Mother væri ég

- a) Barney. +
- b) Marshall. +
- c) Lily.
- d) Robin.
- e) Ted. = Barney Marshall Tedinsson

Ef ég fengi að gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa I AM THE WALRUS!



fílófaxið

fimmtudagur

12 ágúst

CHILI AND THE WHALEKILLERS

Sódoma
21:00 Hinir hvalelskandi Chili and the Whalekillers frá Austurríki eru í stuttri Íslandsheimsókn og að því tilefni bregða þeir og hljómsveitirnar Nóra og Formaður Dagsbrúnar undir sig betri fætinum og slá saman í tónleika. Litlar 500 krónur kostar að berja þessar áhugaverðu sveitir augum í þetta sinn.



TVÖ KVÖLD HLJÓÐAKLETTA

Venue
21:00 Seinna kvöld Hljóðakletta þar sem boðið verður upp á glæsilega tónleika. Fram koma Vindva Mei, Pétur Eyvindsson, Reptilicicus, DJ Musician og Hunk of a Man, auk þess sem video-verk verða sýnd. Aðgangseyrir er 500 krónur.

BLÚSKVÖLD

Faktory
22:00 Blúsvésla verður haldin á Faktory þar sem hljómsveitirnar Klassart og Stone Stones koma saman. Klassart sendi nýlega frá sér sína fyrstu breiðskífu, sem hefur hlotið góðar viðtökur og er plata vikunnar á Rás 2. Húsið opnar klukkan 21 og er frítt inn.

föstudagur

13 ágúst

MOSES HIGHTOWER

Faktory
23:00 Hljómsveitin Moses Hightower heldur áfram að fylgja eftir nýrri plötu sinni, Búum til börn, sem hlotið hefur frábærar viðtökur. Að þessu sinni mun hljómsveitin Sindur hita upp og er aðgangseyrir 500 krónur. Húsið opnar klukkan 22 en tónleikarnir hefjast stundvíslega klukkan 23.



RÖKKURRÓ

12 tónar
17:00 Hljómsveitin Rökkurró er að gefa út aðra plötu sína og ber hún heitið í annan heim. Útgáfunni verður fagnað með litlum tónleikum í verslun 12 tóna á Skólavörðustíg og er aðgangur ókeypis. Þá verða einnig léttar og votar veitingar í boði.

laugardagur

14 ágúst

FATAMARKAÐUR

Faktory
12:00 Nú fer hver að verða síðastur að gera góð kaup á fatamörkuðum sumarsins en einn veglegur verður haldinn á Faktory Bar á milli 12 og 17:30. Auk mikils úrvals fata munu ýmsar óvæntar uppkomur verða í portinu fyrir framan barinn.



SÝNINGIN ER MIKILL HVALREKI FYRIR ÍSLENSKA LISTUNENDUR

KAOSMOSIS

Kling & Bang
17:00 Opnun listasýningarinnar Kaosmosis. Íslenskir, franskir, hollenskir og bandarískir listamenn sem dvöldu nýverið á Flateyri í tvær vikur, sína afkrastur vinnu sinnar þar. Sýningin mun standa til 12. september og er aðgangur ókeypis.



LEIKANDI LAUGARDAGUR

Bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18
18:00 Tónleikar undir yfirskriftinni Leikandi laugardagar fara fram alla laugardaga klukkan 18 í Bókabúð Máls og menningar á Laugavegi 18. Að þessu sinni er það systkinahljómsveitin Klassart sem leikur lög af nýrri plötu sinni, Bréf frá París.

SEVERED CROTCH

Sódoma
22:00 Hljómsveitin Severed Crotch blæs til kveðjutónleika en hljómsveitin dregur sig í hlé í að minnsta kosti ár vegna þess að einn meðlimurinn hyggur á landflóttu. Ásamt Severed Crotch koma fram hljómsveitirnar Angist, Manslaughter og Gone Postal. Búist við huggulegheitum. Frítt er inn á tónleikana og opnar húsið klukkan 22.



sunnudagur

15 ágúst

ÞYNNKUBÍÓ

Prikió
22:00 Kvikmyndin American Werewolf verður sýnd á stóru tjaldi á Prikiunni og er popp í boðinu. Tilvalin afþreying fyrir þá þunnu og blöndu, nú eða þá sem hafa gaman af góðri mynd.



SÖLUMAÐUR ÓSKAST



leitar sér að harðduglegum, úrræðagóðum og snjöllum auglýsingasölumanni. Reynsla og þekking á auglýsingamarkaði æskileg.

Áhugasamir sendi vinsamlegast atvinnuumsókn í netfangið: sala@monitor.is

Skildu bílinn eftir heima!

limo.is

og láttu stjarna við þig



17 passengers

868 9800

Hægt er að senda okkur fyrirspurn á netfangið limo@limo.is einnig er hægt að hringja í síma 551-limo (551-5466) á skrifstofutíma frá kl. 10-18 eða 868-9800.

OPNUNARTILBOÐ

Italiano
Pizzeria

Miðstærð af pizzu og gos, önnur pizza fylgir frítt með

**2 FYRIR 1
Í SAL**

Italiano pizzeria • Hlíðasmára 15 fyrir ofan Smáralind • Sími 55 12345